

7. maí 2021

MIKLAR VERÐHÆKKANIR Í SJÓFRAKT OG Á HRÁVÖRU HAFA VERULEG ÁHRIF

Miklar hækkunir hafa verið á sjóflutningskostnaði og hrávöruverði frá miðju síðasta ári. Efnahagsbati heimsbúskapsins ásamt hnökrum í framleiðslu og flutningum hefur leitt til ójafnvægis á mörkuðum og verðhækkunar flutninga og hrávöru. Þetta hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki og heimili víða um heim, þ.m.t. hér á landi sem birtast m.a. í auknum kostnaði, aukinni verðbólgu og lækkun kaupmáttar.

Reikna má með að áhrifin af verðhækkun flutningskostnaðar og hrávöruverði engu minni á Íslandi en á evrusvæðinu, Bandaríkjunum og Bretlandi en þar er reiknað með því að þau verði umtalsverð. Færa mætti rök fyrir því að þau gætu orðið meiri vegna þess að kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólguþröskulmið Seðlabankans er ekki jafn sterk hér og á fyrrgreindum svæðum. Verðhækkunirnar eru utan áhrifasviðs stýritækja Seðlabankans. Engu að síður kann bankinn að finna sig knúinn til að bregðast við þeim vegna áhrifa þeirra á verðbólguvæntingar. Að mati Samtaka iðnaðarins væri það mjög slæmt nú þegar þörf er á að stýrivöxtum sé haldið lágum til að örva hagkerfið til vaxtar. Áhrif þessara verðhækkana gætu því leitt til aukinnar verðbólgu, hægari vaxtar kaupmáttar og hærri stýrivaxta. Allt eru það þættir sem munu auka við þá efnahagslegu erfiðleika sem fyrirtæki og heimili í landinu eru nú að glíma við.

- Flutningskostnaður hefur margfaldast vegna COVID-19. Kostnaður við flutning 40 feta gáms frá Austur Asíu til Norður Evrópu hefur t.d. fimmfaldast frá upphafi faraldursins. Skipafélög heimsins fækkuðu skipum í umferð og drógu úr umsvifum sem viðbrögð við faraldrinum. Þessi samdráttur í afkastagetu hefur nú leitt til verðhækkunar þegar eftirspurn er vaxandi.
- Gert er ráð fyrir að hækkun flutningskostnaðar muni hafa nokkur áhrif til aukinnar verðbólgu á næstu mánuðum, eða um 0,3 prósentustig í Bandaríkjunum og 0,4 prósentustig í Bretlandi og á evrusvæðinu.
- Hækkunir á verði almenns hrávöruverðs hafa síðustu misseri verið þær mestu í heilan áratug. Til að mynda hafa hrávöru á borð við timbur, málma og plastefni hækkað mikið í verði vegna öflugrar eftirspurnar og framleiðsluþröskulnaða sem tilkomnir eru vegna COVID-19. Hrávöruverð án orkuverðs skv. The World Bank hefur hækkað um ríflega 40% á síðustu 12 mánuðum og rúm 11% frá áramótum.
- Gert er ráð fyrir því að áhrif á verðbólgu verði nokkuð mikil af þessum verðhækkunum hrávöru. Því er spáð að verðhækkunir hrávöru muni stuðla að aukningu í verðbólgu um 0,7 prósentustig í Bandaríkjunum og 1,1 prósentustig í Bretlandi og á evrusvæðinu. Áhrifin eru líklegast tímabundin en munu vara áfram út árið 2021 og líkast til eitthvað inn í árið 2022.
- Fyrirtæki í framleiðsluiðnaði hér á landi og erlendis hafa fundið talsvert fyrir hækkunum hrávöruverðs undanfarinna mánaða. Auk þess eru þau að finna fyrir hnökrum í aðfangakeðjunni þar sem seinkanir eru algengar og mörg dæmi um að fyrirtæki fái ekki afgreiddar vörur og aðföng.

BLIKUR Á LOFTI


Hrávörumarkaðir fóru ekki varhluta af útbreiðslu farsóttarinnar. Bein áhrif vegna COVID-19 og þær aðgerðir sem ráðist var í höfðu veruleg áhrif á framleiðslu og verðþróun á hrávörumörkuðum. Heimsfaraldurinn hafði umtalsverð áhrif á bæði framboð og eftirspurn samtímis. Samhliða falli í eftirspurn eftir hrávörum þá olli farsóttin framleiðsluhnökrum víðast hvar í heiminum sem hafði truflandi áhrif á alþjóðlegar framleiðslukeðjur. Vandamál framleiðslufyrirtækja sem fyrst tók að gæta í Kína hafði þannig keðjuverkandi áhrif sem teygði sig í framleiðslukeðjur um allan heim með tilheyrandi truflunum.

Heimsmarkaðsverð olíu lækkaði skarpt á fyrstu mánuðum ársins 2020 en eftirspurn eftir olíu dróst saman þegar lönd heimsins gripu til ráðstafana til að hefta útbreiðslu veirunnar. Bílaumferð minnkaði og farþegaflug lagðist nánast af. Verð nær allra hrávara lækkaði í upphafi faraldursins, en smásöluverð á matvælum og drykkjarvörum hækkaði. Samdráttarskeiðið stóð hins vegar stutt yfir og eftirspurn tók við sér strax um mitt ár 2020.

FLUTNINGSKOSTNAÐUR FRÁ KÍNA MARGFALDAST

Í skugga mikillar óvissu og yfirvofandi samdráttar í gámaflutningum vegna útbreiðslu COVID-19 var dregið verulega úr afkastagetu flutningskerfisins þegar skipafélög heimsins fækkuðu skipum í umferð og drógu úr umsvifum. Leiguskipum var skilað, gámar voru afpantaðir og eldri skip voru send til niðurrifs í meiri mæli. Hins vegar kom í ljós eftir því sem leið á árið að samdrátturinn var minni en búist var við og markaðir öflugri en áður var talið. Samhliða mikilli eftirspurn og ónægu framboði flutningarýmis myndaðist skortur á gámum vegna lengri hringferðatíma þeirra. Hafði það í för með sér að flutningskostnaður tók að hækka nokkuð skarpt undir lok árs 2020.

Flutningskostnaður 40 feta gáms frá Kína til Evrópu, USD
Freightos Baltic Index




Samkvæmt FBX (Freightos Baltic Index) var kostnaður við flutning 40 feta gáms frá Austur Asíu til Norður Evrópu um 1.500 dollarar á vormánuðum 2020, en var að meðaltali 7.500 dollarar í aprílmánuði. Það er fimmföldun á milli ára og ekki er fyirséð hvenær jafnvægi kemst á að nýju.

Þó að hækkun flutningskostnaðar skili sér ekki að öllu leyti yfir í vöruverð, þá má búast við því að erfiðleikar undanfarinna mánaða muni hafa áhrif til hækkunar á verðlagi að einhverju marki. Vert er að geta þess að ríflega fjórðungur allrar framleiðslu á heimsvísu kemur frá Kína og því gefur það auga leið að margföldun á flutningskostnaði muni þrýsta verði vara sem fluttar eru þaðan upp á við. Hingað til hafa áhrifin verið hófleg en óvíst er hve mikil áhrifin verða ef núverandi ástand dregst frekar á langinn.

Samkvæmt hagfræðingum ING í Hollandi má gera ráð fyrir að truflanir í sjóflutningum og skortur á gámum muni hafa nokkur áhrif til aukinnar verðbólgu á næstu mánuðum, eða um 0,3 prósentustig í Bandaríkjunum og 0,4 prósentustig í Bretlandi og á evrusvæðinu.

SKORTUR Á HRÁVÖRUM ENDURSP EGLAST Í HÆKKUN AÐFANGAVERÐS

Mikið röt hefur verið á hrávörumörkuðum síðastliðna mánuði. Aukin eftirspurn samhliða erfiðleikum í framleiðslu hefur leitt til skorts á fjölda aðfanga. Til að mynda hafa hrávörur á borð við timbur, málma og plastefni hækkað mikið í verði vegna öflugrar eftirspurnar og framleiðsluþökra sem tilkomnir eru vegna COVID-19. Heimsmarkaðsverð málma og steinefna er nú 47% hærra en meðal heimsmarkaðsverð 2019, áður en áhrifa faraldursins fór að gæta. Svipuð þróun hefur verið á öðrum mörkuðum. Heimsmarkaðsverð á korni hefur hækkað um 35% á sama tíma, álverð um 30% og plastefni um ríflega 50%. Timburverð hefur verið á hraðri uppleið eftir verðhrun síðasta vor, en það hefur rúmlega fjórfaldast á síðastliðnum 12 mánuðum. Útlit er fyrir að timbur muni hækka í verði innanlands á næstu mánuðum þegar hækkanir á alþjóðamörkuðum skila sér inn í vöruverð.



ENDURSP EGLAST Í HÆKKUN Á VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS HÉR Á LANDI

Þegar rýnt er í þróun almenns hrávöruverðs kemur í ljós að hækkanir síðustu missera eru þær mestu í heilan áratug. Birtast hækkanirnar í herra aðfangaverði til framleiðenda og að endingu munu þessar miklu hækkanir á alþjóðamörkuðum endurspeglast í hækkun vísitölu neysluverðs hér á landi.

Miklar verðhækkanir á skömmum tíma munu ekki skila sér jafnharðan inn í vöruverð þar sem markaðsaðilar eru oftast en ekki með framvirka samninga og áhættuvarnir sem jafna út áhrif mikilla verðsveiflna á mörkuðum. Þá er einnig sá möguleiki fyrir hendi að framleiðendur ákveði að taka verðhækkanirnar að einhverju leyti á sig til að draga ekki úr samkeppnishæfni sinni.

Hagfræðingar ING gera ráð fyrir því að áhrif á verðbólgu verði nokkuð mikil í Bretlandi og á evrusvæðinum en einhverju minni í Bandaríkjunum. Það er mat þeirra að verðhækkanirnar muni stuðla að aukningu í verðbólgu um 0,7 prósentustig í Bandaríkjunum og 1,1 prósentustig í Bretlandi og á evrusvæðinu. Ekki er ástæða til að halda að áhrifin verði minni á Íslandi.

Áhrifin eru líklegast tímabundin en munu vara áfram, út árið 2021 og líkast til eitthvað inn í árið 2022. Þegar jafnvægi kemst á framboð og eftirspurn mun þrýstingur á verðhækkanir dvína.

UMTALSVERÐ ÁHRIF HÉR Á LANDI


Fyrirtæki í framleiðsluinaði hér á landi hafa fundið talsvert fyrir hækkunum hrávöruverðs undanfarinna mánaða. Auk þess eru þau að finna fyrir hnökrum í aðfangakeðjunni þar sem seinkanir eru algengar og mörg dæmi um að fyrirtæki fái ekki afgreiddar vörur og aðföng.

Sem dæmi þá hafa hinar miklu verðhækkunar á plastefni sett fyrirtæki hér á landi sem og erlendis í erfiða stöðu. Háfræfnisverð hefur hækkað svo um munar og er staða á mörkuðum fremur þröng. Plastixx vísitala Plastics Information Europe (Polymer Price Index) hefur hækkað um 75% frá apríl 2020. Þá hefur hækkunin verið sérstaklega mikil frá áramótum en frá janúar hefur vísitalan hækkað um tæp 45%.

Annað dæmi eru töluverðar verðhækkunar á timbri sem þegar eru farnar að birtast hér á landi. Söluáðilar á timbri hér á landi hafa hækkað verð á timbri um 10-20% á stuttum tíma. Erlendis frá hefur verðhækkunin hins vegar verið um 60% frá því í september í fyrra og er verð á timbri nú í sögulegu hámarki á alþjóðamarkaði. Ljóst er að talsvert af hækkun á verði timburs á heimsmarkaði á eftir að birtast í verði á timbri hér á landi á næstu mánuðum. Þessi verðhækkun hefur m.a. umtalsverð áhrif á byggingarkostnað.

Samhliða miklum verðhækkunum hafa fyrirtæki ekki getað gengið að því vísu að aðföng skili sér á réttum tíma eða skili sér yfir höfuð. Fyrirtæki hafa gripið til verðhækkana á eigin framleiðsluvörum til að mæta þeim kostnaðarhækkunum sem þau hafa orðið fyrir. Þó er óhjákvæmilegt að fyrirtæki taki á sig hluta af kostnaðarhækkunum þar sem ekki er svigrúm til að velta þeim að fullu yfir í vöruverð. Þá eru væntingar um að framboðshlið háfræfnismarkaða komist í lag þegar líður á árið og þá í framhaldinu munu verð gefa eftir.

Verðbólga eftir eðli og uppruna
Framlag helstu undirliða



Reikna má með að áhrifin af verðhækkun flutningskostnaðar og hrávára verði engu minni á Íslandi en á evrusvæðinu, Bandaríkjunum og Bretlandi. Færa mætti rök fyrir því að þau gætu orðið meiri vegna þess að kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólgu markmið Seðlabankans er ekki jafn sterk hér og á ofangreindum svæðum. Verðbólgan mælist nú 4,6% hér á landi og hefur hún aukist nokkuð undanfarið ekki síst vegna mikillar verðhækkunar á innfluttum vörum. Skýra verðhækkunar innfluttrar vöru þannig 2,0 prósentustig af núverandi verðbólgu en til samanburðar skýrir húsnæðisliðurinn 0,9 prósentustig. Samhliða aukinni verðbólgu hafa verðbólguvæntingar hækkað og mælast nú allnokkuð yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans.

Verðhækkanirnar eru utan áhrifasviðs stýritækja Seðlabankans. Engu að síður kann bankinn að finna sig knúinn til að bregðast við þeim vegna áhrifa þeirra á verðbólguvæningar. Að mati Samtaka iðnaðarins er það mjög slæmt þegar þörf er á því líkt og nú að stýrivöxtum sé haldið lágum til að örva hagkerfið til vaxtar. Áhrif þessara verðhækkana gætu því leitt til aukinnar verðbólgu, hægari vaxtar kaupmáttar og hærri stýrivaxta. Allt eru það þættir sem munu auka við þá efnahagslegu erfiðleika sem fyrirtæki og heimili í landinu eru nú að glíma við.